

# ÍBÚAÞING VESTURBYGGÐAR – 2016

Haldið á Patreksfirði, 16. – 17. apríl

## *Framtíðarsýn árið 2036*

Undir lok íbúabingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina þar sem þau sáu fyrir sér Vesturbyggð eftir 20 ár.

Hér er gerð tilraun til að draga þessa framtíðarsýn margra saman í eina heildstæða mynd. Sumt af því sem hér ratar á blað byggir á samhljóða skilaboðum frá mörgum þátttakendum og annað eru hugmyndir einstakra þátttakenda.

### **Umhverfið**

Náttúrufegurð svæðisins nýtur sín, hafið, fjöllin, fuglarnir og kyrrðin. Stofnaður hefur verið þjóðgarður á Látrabjargssvæðinu. Vesturbyggð er umhverfisvænt sveitarfélag og í fararbroddi á Íslandi. Sorp er flokkað og það eru þrjár tunnur við hvert heimili. Vesturbyggð statar af fallegum byggðum þar sem metnaður ríkir fyrir ásýnd, t.d. götum og gróðri. Það er hreint og þrífalegt, bjart og blómlegt. Gömul hús hafa verið gerð upp og eru til prýði. Víða eru fallegir skógræktarreitir og sumarhúsum hefur fjölgað.

Sátt og jafnvægi ríkir milli uppbyggingar ferðaþjónustu og umgengni um náttúruna og samhliða þjóðgarðinum starfa öflug ferðaþjónustusamtök.

### **Atvinnulífið**

Atvinnulíf í Vesturbyggð er sterkt og fjölbreytt störf í boði sem henta bæði körlum og konum. Byggt er á fjölbreyttum auðlindum svæðisins, þ.m.t. heitu vatni.

Sjávarútvegurinn er öflugur og hafnirnar fullar af fiskiskipum, stórum sem smáum og gámaskip koma og fara. Fiskeldi er orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum svæðisins og „Bíldudals bleiki laxinn“ er seldur víða um heim. Á svæðinu er miðstöð fyrir rannsóknir á fiski, sem býður störf fyrir fólk með háskólamenntun. Ferðaþjónusta hefur vaxið jafnt og þétt og byggir á sérstöðu svæðisins í náttúru, sögu og mannlífi. Mikilli atvinnuuppbyggingu undanfarinna ára hefur fylgt aukið framboð þjónustu í verslun, veitingastöðum, afþreyingu og öðrum þjónustugreinum.

### **Samfélagið**

Bæirnir hafa teygt úr sér og stækkað. Íþróttalíf er í blóma og byggir á samstarfi alls svæðisins. Skólastarf er gott og við skólana starfa menntaðir kennarar á öllum skólastigum. Náðst hefur góður árangur í því að samþætta almenna kennslu og kennslu um náttúruna og nærumhverfið. Framhaldsskóli er starfræktur í Vesturbyggð.

Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði starfar á sterkum grunni og ásamt fæðingardeild, hefur þar risið glæsilegt hjúkrunarheimili og Vesturbyggð með samfellda heilbrigðisþjónustu frá vöggu til grafar.

Mannlíf og menningarlíf er gott og með samvinnu hefur heimamönnum tekist að styrkja stöðu Vesturbyggðar í samkeppni um fólk og fyrirtæki. Gleðin er við völd!

### ***Bíldudalur***

Þorpið hefur stækkað og Bíldudalur er nú orðinn 700 manna þorp þar sem atvinna er fjölbreytt og mannlífið gott. Ferðaþjónusta hefur vaxið, samhliða uppbyggingu í laxeldi og tengdri starfsemi. Mikil nýsköpun hefur átt sér stað og sprotafyrirtækjum fjölgað.

Byggð er komin inn í dal og á uppfyllingu hinu megin við þorpið sem er tengt saman með brú. Íþróttahúsið hefur verið stækkað og byggt við leikskóla og aðstöðu fyrir eldri borgara. Reist hefur verið fallett hótél, sem fellur vel að náttúrunni.

### ***Patreksfjörður***

Patreksfjörður er orðinn gróinn og litríkur bær og umhverfið fallett. Þess hefur verið gætt að byggja fallega, og halda í sögu staðarins og bærinn er snyrtilegur og til fyrirmyndar.

Íbúar eru 1.400. Kominn er byggðakjarni fyrir ofan félagsheimilið og búið að nýta auðar lóðir að einhverju leyti. Allar götur eru í góðu ásigkomulagi og gangstéttar. Strandgatan hefur fengið upplýftingu og torgið við Straumnes er fallett og umkringt uppgerðum húsum. Straumnes hýsir nú fjölpætta starfsemi, e.t.v. stjórnsýslu og er miðpunktur mannlífs.

Verslun og þjónusta hefur dafnað. Höfnin er full af litlum seglskútum, úti á vogi lóna stærri skútur og skemmtiferðaskip koma reglulega yfir sumarið.

### ***Rauðasandur***

Í hinum gamla Rauðasandshreppi er blómleg ferðaþjónusta allt árið og þar er 5 stjörnu hótél.

### ***Barðaströnd***

Á Barðaströnd er blómleg byggð og landbúnaður öflugur. Á Krossholtum er hótél og jafnframt gróðurhús sem sér svæðinu fyrir grænmeti. Á Birkimel er lítið menntasetur og aðstaða fyrir listamenn. Á höfninni á Brjánslæk er talsverð starfsemi og aðstaða góð.

### ***Samgöngurnar***

Aðgengi að Vestfjörðum í lofti og á láði er til fyrirmyndar allt árið um kring. Bundið slitlag er á öllum vegum í sveitarfélaginu. Göng hafa leyst fjallvegi af hólmi á Hálfán, Mikladal og Kleifaheiði og yfir á Rauðasand. Boðið er upp á reglulegar strætóferðir milli bæjarkjarna. Vægi strandflutninga er mikið og fjarskipti eins og þau gerast best. Komin er ný aðkoma inn í þorpið á Bíldudal.

### ***Samstarf / sameining sveitarfélaga***

Á svæðinu er eitt sterkt sameinað sveitarfélag þar sem áður voru Vesturbyggð og Tálknafjörður. Íbúar eru 2.500.